

The page features three large, overlapping blue circles of varying sizes, each with a gradient from light to dark blue. Two thin blue lines intersect at the top left, forming a large 'V' shape that frames the text and circles.

*Kjörsviðsgreinar -
Samval*

2012-2013

BREKKUSKÓLI



AKUREYRI

Efnisyfirlit

Kjörsviðsgreinar og samval.....	4
Kjörsviðsgreinar í Brekkuskóla.....	5
Aðstoð í bóknámi (8.-10. bekkur).....	5
Alfræði (8.-10. bekkur)	5
Bakstur og heimilishald (8.-10. bekkur).....	6
Bíó og bækur (8.-10. bekkur).....	6
Efnafræði (9.-10. bekkur)	7
Fótbolti (8.-10. bekkur).....	7
Förðun (8.-10. bekkur).....	8
Handverk (9.-10. bekkur).....	8
Hönnun og tíska (8.-10. bekkur).....	9
Íslendingasögur (8.-10. bekkur).....	9
Íþróttir (9.-10. bekkur).....	9
Listverk (8.-10. bekkur).....	9
Ljósmyndun (8.-10. bekkur).....	9
Myndlist (9.-10. bekkur)	10
Portúgalska I (8.-10. bekkur)	10
Réttir frá ýmsum löndum (8.-10. bekkur)	11
Skapandi skrif (8.-10. bekkur).....	12
Smíðar (8.-10. bekkur).....	12
Stuttmyndagerð (8.-10. bekkur).....	12
Upplýsingamennt (blindskrift, hreyfimyndagerð, upplýsinga- og tæknimennt) (9.-10. bekkur)	13
Þýska I (8.-10. bekkur)	14
Samvalsgreinar – kenndar í samvinnu grunnskóla bæjarins. Nemendur geta því þurft að sækja greinar í aðra skóla.	15
Boltaíþróttir (8. – 10. bekkur).....	15
Bretti- og parkour (9.-10. bekkur)	15
Bridge á netinu(8. – 10. bekkur).....	16
Fatasaumur og endurnýting (8. - 10. bekkur).....	16
Félagsmiðstöðvarval – Félagsmiðstöðvarráð (9. – 10. bekkur).....	17
Franska (8.-10. bekkur).....	18

Frjálsar íþróttir (8. – 10. bekkur)	18
Grafísk hönnun, grunnnámskeið (9.-10. bekkur)	19
Grafísk hönnun, framhaldsnámskeið (9.-10. bekkur).....	19
Handboltaskóli (8. – 10. bekkur)	19
Handverk – Smíði (8. – 10. bekkur)	19
Heimspeki (9.-10. Bekkur)	20
Heilsurækt á Bjargi (9.-10. bekkur).....	20
Hreysti (8. – 10. bekkur)	21
Ísland, ferðalög og fróðleikur (8. – 10. bekkur).....	21
Knattspyrnuskóli KA (9.- 10. bekkur).....	21
Knattspyrnuskóli Þórs (9.- 10. bekkur)	22
Kvikmyndasaga (8.-10. bekk).....	22
Leður, leir, mósaik (8. – 10. bekkur)	23
Líkamsrækt Átak (9. – 10. bekkur).....	23
Ljósmyndun (8. – 10. bekkur)	24
Prjón og hekl (8.–10. bekkur)	24
Ritlist (8. – 10. bekkur)	25
Skák (8. – 10. bekkur)	25
Stærðfræði – stuðningur (8. – 10. bekkur).....	25
Tauprykk og fatalitun(8. – 10. bekkur)	26
Tónlist og myndbönd í tölvum.....	26
Útivist og hreyfing (8. – 10. bekkur)	27
Þjóðleikur á Norðurlandi (8. -10. bekkur).....	28
Þýska (8. – 10. bekkur)	28

Kjörsviðsgreinar og samval

Námsgreinar í 8. bekk skiptast í kjarna sem er 31 kennslustund í viku og valgreinar sem eru 6 kennslustundir á viku. Námsgreinar í 9. og 10. bekk skiptast í kjarna sem er 29 kennslustundir á viku og valgreinar sem eru 8 kennslustundir á viku. Kjarnann verða allir nemendur að taka og eru námshópar bundnir við bekkjardeildir. Kjörsviðsgreinar eru flestar sameiginlegar fyrir 8. - 10. bekk þó að undantekningar séu á því. Hver grein samsvarar 2 kennslustundum á viku yfir veturinn.

Hafið það hugfast, að kjörsviðsgreinar og samvalsgreinar eru ekki aukagreinar heldur eru þær jafn mikilvægar og skyldugreinarnar og kröfur um ástundun og árangur eru á engan hátt minni.

Ráðlegt er að huga að framtíðaráformum strax í efstu bekkjum grunnskólans og þess vegna fylgir því mikil ábyrgð að vanda ákvarðanatöku um kjörsviðs- og samvalsgreinar. Það hefur ekki áhrif á rétt nemenda til framhaldsnáms hvaða kjörsviðs- samvalsgreinar þeir velja sér en það getur auðveldað framhaldsnám að hafa tekið greinar í grunnskóla sem skipta máli fyrir þá námsbraut í framhaldsskóla sem nemandi stefnir að.

Metið val:

Nemendur eiga kost á að fá metið nám við sérskóla, félags- eða íþróttastörf. Einfalt metið val samsvarar tómskundastarfi frá 1 klst. til allt að 4 klst. á viku. Tvöfalt metið val samsvarar tómskundastarfi frá 5 klst. á viku. Einnig geta nemendur fengið fjarnám við framhaldsskóla metið. Til þess að geta lagt stund á fjarnám í framhaldsskóla þurfa nemendur að hafa lokið grunnskólanámi í viðkomandi fagi með fullnægjandi árangri. Tveggja eininga áfangi í framhaldsskóla (102) í fjarkennslu samsvarar einni valgrein.

Ábyrgð á metnu vali:

Til staðfestingar þátttöku í metnu vali þarf að skila staðfestingu þjálfara/kennara/ umsjónaraðila á ástundun með eyðublaði sem skólinn leggur til. Nemendur og foreldrar bera fulla ábyrgð á þessum skilum til að starfið fái metið. Athugið að starfsemi utan skóla má að hámarki meta sem 4 vikustundir af þeim 37 sem nemandi skal skila í grunnskóla. Foreldrar bera allan kostnað af tómskundastarfi sem óskað er eftir að fá metið með þessum hætti.

Ekki er hægt að taka metið val inn eftir að tvær fyrstu vikur annarinnar eru liðnar.

Kjörsviðsgreinar í Brekkuskóla

Aðstoð í bóknámi (8.-10. bekkur)

Markmiðið er að nemendur sem á því þurfa að halda geti fengið aðstoð við námið á sínum forsendum. Ef í ljós kemur að nemendur virðast ekki hafa þörf né áhuga á að nýta sér tímana verða þeir að fara í aðra valgrein.

Námsmat: Ástundun, áhugi og frammistaða í kennslustundum.

Kennarar: Sigríður G. Pálmadóttir og Sævar Árnason.

Alfræði (8.-10. bekkur)

Lýsing: Ef þú hefur áhuga á almennum fróðleik þá er þetta valið fyrir þig. Við skemmtum okkur og fræðumst um leið þar sem þekkingin er í aðalhlutverki.

Markmið:

- að gera nemendum kleift að kafa ofan í eigin áhugasvið.
- að vinna verkefni og þjálfa nemendur í að miðla þekkingu og fróðleik til annarra.
- að veita nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum viðfangsefnum á fræðandi og skemmtilegan hátt.
- að valgreinin sé vettvangur fyrir þá sem hafa áhuga á spurningakeppnum og almennri þekkingu.
- að nemendur læri að varpa fram spurningum og leita svara við þeim.
- að nemendur afli sér þekkingar á sviðum sem ekki eru innan námskrár en eru samt nauðsynleg og allt um kring í samfélaginu.
- að byggja upp öryggi og sterka sjálfsmynd í gegnum þekkingu, árangur og samstarf.

Námsbættir: Stuttar kynningar um fjölbreytt viðfangsefni. Spil og spurningaleikir af ýmsum toga. Heimspeki, mannkynssaga, bókmenntir, listir, náttúruvísindi, dægurmál, tónlist, kvikmyndir, íþróttir, landafræði, Íslandssaga, samtíminn o.fl.

Kennsluaðferðir: Áætlanagerð, efniskönnun, kynningar, leikir, margmiðlun, sýningar, spil, vettvangsathuganir.

Námsmat: Mat á áhugasviðsverkefnum, virkni, áhugi, sjálfsmat, jafningjamat, leiðsagnarmat kennara ásamt því að verkefnum verður safnað í safnmöppur.

Kennari: Helena Sigurðardóttir

Bakstur og heimilishald (8.-10. bekkur)

Lögð er áhersla á að æfa mismunandi bakstursaðferðir s.s. þeytt, hrært og hnoðað deig. Unnið með mismunandi lyftiefni, ólífræn og lífræn. Gerðar verða tertur, formkökur, smábrauð og matarbrauð. Nemendur gera „fínni tertur“, hefðbundið „hversdagsbrauð“ og kökur. Einnig eru teknar fyrir skreytingar úr „sykurmassa“, bollakökuskreytingar o.fl.

Markmið: Að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð. Kenna undirstöðuatriði næringar- og matvælafræði. Leggja áherslu á góðar umgengnisvenjur og borðsiði. Að vekja athygli nemenda á miklivægi hreinlætis almennt.

Ýmsu fræðilegu efni sem tengist matargerð og heimilishaldi er fléttað inn í verklegu tímana.



Nemendur í valhópum taka að sér bakstur vegna skemmtana í tengslum við fjáraflanir nemenda og annarra viðburða á vegum skólans.

Námsefni: Bakstursbækur, matreiðslubækur, fjölbreytt efni af netinu og úr ýmsum bókum. Nýtt námsefni: Matur og menning.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkenndsla og samvinnukennsla, fer eftir verkefnum hverju sinni.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni nemandans í tímum. Einnig er stuðst við sjálfsmat og jafningjamat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni í fyrri hluta mars.

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Bíó og bækur (8.-10. bekkur)

Lýsing: Nemendur lesa skáldsögur og horfa á kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir þeim. Vinna verkefni og fjalla um efnið, bera saman mynd og bók.

Markmið: Að nemendur læri að njóta þess að lesa bækur og horfa á kvikmyndir. Geti lesið og horft með gagnrýnum huga, myndað sér skoðanir og tjáð þær. Að nemendur geri sér grein fyrir að bók og kvikmynd eru ólíkir miðlar.

Námsgögn: Íslenskar og þýddar skáldsögur og kvikmyndir. Valin að hluta í samstarfi við nemendur.

Námsmat: Verkefnavinna, bæði einstaklings- og hópverkefni.

Kennari: Svanhildur Sæmundsdóttir



Efnafræði (9.-10. bekkur)

Markmið: Að nemendur kynnist vinnubrögðum og tækjum sem notuð eru við efnafræðitilraunir, tileinki sér samvinnu og samstarf sem þarf í hópstarfi, þjálfist í vísindalegum vinnubrögðum og hugsun, kynnist lögmálum og skilji hvernig þau virka í náttúrunni, tileinki sér orðaforða og kenningar, samþætti við aðrar greinar, t.d. stærðfræði, íslensku og líffræði.

Námsefni: *Efnafræði*, eftir Þóri Ólafsson. Myndbönd útgefin af Námsgagnastofnun.

Kennsluaðferðir: Farið er yfir texta í bóklegum tímum, verkefni unnin og tilraunir gerðar.

Námsmat: Próf eru í lok hvorrar annar og inn á milli eftir því sem þurfa þykir, vinnubók er metin.

Heimanám: Nemendur þurfa að setjast niður fyrir hvern tíma, líta yfir námsefni næsta dags og tengja við það sem áður var numið.

Kennari: Björn Sverrisson

Fótbolti (8.-10. bekkur)

Markmið og kennsluaðferð: Áhersla er lögð á fótboltakennslu. Farið verður í leikskilning, tækni og reglur greinarinnar.

Tilgangur með íþróttinni er m.a. að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar.

Námsmat: Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun:

Mæting/ástundun	60%
Hegðun, framkoma og metnaður	30%
Færni og geta	10%

Vinnusemi vegur heildareinkunn upp eða niður.

Fjarvistir:

Fyrir fjarvist í einum tvöföldum tíma fær nemandi 1 fjarvistarstig.

Stig	Einkunn
0 fjarvistarstig	10
1 -	10
2 -	9
3 -	8
4 -	7
5 -	6
6 -	5

1x seint jafngildir $\frac{1}{2}$ fjarvistarstigi. Dæmi: 2 fjarvistarstig + 2x seint = 8 í mætingareinkunn

Mikilvægt!

Í annað skipti sem nemandi horfir á og er ekki virkur í tíma dregst 0,2 frá mætingareinkunn, síðan 0,4 í þriðja sinn, 0,6 í fjórða sinn. Eftir það telst áhorf sem fjarvist.

Kennari: Birna Baldursdóttir

Förðun (8.-10. bekkur)

Markmið: Nemendur þurfa ekki að hafa neina þekkingu í greininni, heldur áhuga á förðun og tísku, því byrjað verður alveg frá grunni.

Farið er í gegnum meðhöndlun á vörum og áhöldum og umhirðu á húðinni. Einnig eru kennd grunnatriði í sambandi við förðun og mismunandi aðferðir sem að hægt er að nota.

Fjallað verður um hvernig tíska og förðun fléttast saman. Þróun frá mismunandi tímabilum og til dagsins í dag. Skoðaðar verða bækur um tímabilaförðun, tískutímarit og sýningar.

Nemendur vinna tveir og tveir saman, gera vinnubók með mismunandi verkefnum.

Allir tímar eru 3 kennslustundir og verklegir.

Námsmat: Vinnuþema, lokapróf, sjálfstæð vinnubrögð og áhugi.

Kennari: Sunna Guðmundsdóttir

Handverk (9.-10. bekkur)

Tauprykk - útsaumur / þrjón – hekl

Markmið: Í fyrri hlutanum geri nemendur verkefni sem samanstendur af þrykki og útsaumi. Val verður um t.d. tösku eða púða. Kenndar verða mismunandi aðferðir við þrykk og nemendur velja síðan sína aðferð við verkið. Nokkrar mismunandi útsaumsaðferðir kenndar sem einnig verða notaðar á sama hlutinn.

Í seinni hlutanum gera nemendur nokkrar prufur í þrjóni og hekli. Síðan velja þau sér annað hvort að þrjóna eða hekla (jafnvel bæði ef tími vinnst til).

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni í fyrri hluta mars.

Námsmat: Símat á verkefnum.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir.

Hönnun og tíska (8.-10. bekkur)

Kennsluefni og aðferðir: Nemendur læra að hanna og teikna tiskuteikningar, taka mál, sníða og sauma sér fót bæði úr notuðu og nýju efni. Farið verður á söfn og þematengd verkefni unnin.

Námsmat: Símat.



Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni í fyrri hluta mars.

Kennari: Ágústa Karlsdóttir

Íslendingasögur (8.-10. bekkur)

Íslendingasögur kynntar fyrir nemendum. Lesnar verða Kjalnesingasaga og Grettis saga ásamt fleiri sögum ef tími vinnst til.

Markmið: Að nemendur kynnist samfélagi, hugsunarhætti og heimi Íslendingasagnanna.

Námsmat: Áhugi og frammistaða í kennslustundum, einstaklings- og hópverkefni og próf.

Kennari: Sigríður G. Pálmadóttir

Íþróttir (9.-10. bekkur)

Markmiðið er að gefa nemendum kost á aukinni hreyfingu og kynningu á sem flestum íþróttagreinum. Skemmtilegir íþróttatímar með fjölbreyttri þjálfun.



Námsmat byggist á ástundun og frammistöðu.

Kennari: Sigfríð Einarsdóttir



Listverk (8.-10. bekkur)

Valgreininni er skipt upp í 6 lotur sem eru:

1) Trémálun og fönður, 2) Pappamassi, 3) Dúkrista, 4) Leirmótun 5) Graffiti 6) Málun

Námsmat: Símat kennara. Metin er undirbúningur, verkleikni, hugmyndaflug, ástundun, áhugi, hegðun, mætingar, umgengni og frágangur.

Kennari: Joris Rademaker



Ljósmyndun (8.-10. bekkur)

Markmið: Farið er í grundvallaratriði ljósmyndunar með stafrænni myndavél, meðferð og

frágangi mynda. Við lok námskeiðs á nemandinn að hafa öðlast góða þekkingu á vinnslu ljósmynda og grunnatriðum ljósmyndunar með stafrænni myndavél. Grunnatriði ljósmyndunar, lýsing og afmörkun myndefnis, stafrænar myndavélar, stillingar og notkun, flutningur mynda yfir í tölvu og möguleikar á úrvinnslu þeirra þar.

Námsgögn: Efni frá kennara, nemandinn verður að eiga stafræna myndavél.

Kennslutilhögun: Fyrirlestrar, vettvangsferðir, verklegir og bóklegir tímar

Námsmat: Ástundun, áhugi og frammistaða í kennslustundum og vettvangsferðum.

Nemendasafnmappa með verkefnum metin. Uppsetning á ljósmyndasögu og kynning.

Kennari: Þorvaldur Gröndal

Myndlist (9.-10. bekkur)

Markmið: Að þjálfra og þroska huga og hendur nemenda til að tjá eigin hugmyndir, tilfinningar, þekkingu og reynslu í margskonar efnivið. Að geta fylgt hugmynd til endanlegs verks. Þekkja fjölbreytni listar.

Námsefni: Listabækur, t.d. *Listasaga Fjölva*, *Listasafn Íslands 1884 - 1994*, *Líf og list*, t.d. *Picasso*, *Monet*, *van Gogh*, *Manet*.

Kennsluaðferðir: Að geta nýtt sér í eigin myndsköpun grunnþætti myndlistar, s.s. útfærslu línunnar, skrautskrift, myndbyggingu, áferð, grafik, málun, rými, fjarvídd, lita- og formfræði myndbyggingar, andlitsteiknun, fígúrir. Nemendur þurfa að eiga litla skissubók sem þeir teikna í heima. Helstu viðfangsefni eru að teikna eftir fyrirmynd, munsturgerð, túlkun tilfinninga, formfræði, óhlutbundnar myndir, pennateikningar, skrautskrift, litafræði, málun á striga, vatnslitamálun, o.fl. Farið verður í vettvangsferðir á listsýningar og ýmis skemmtileg verkefni unnin.

Námsmat: Símat eftir hvert verkefni. Tekið verður mið af einbeitingu, tækni og hugmyndaflugi og sjálfstæði í vinnubrögðum, engin próf.

Kennari: Joris Rademaker



Portúgalska I (8.-10. bekkur)

Portúgalska er rómanskt tungumál sem er móðurmál um 170 milljón manna. Í Suður-Ameríku er portúgalska algengara tungumál en spænska. Þó að portúgalska sé nokkuð ólík spænsku í málfræði og sagnakerfi, þá skilja þeir sem tala portúgölsku og þeir sem tala spænsku hvorir aðra ágætlega.

Langar þig að læra undirstöðuatriði portúgölskunnar í vetur? Langar þig að kynnst menningu Brasilíu og Portúgals? Þá er valáfanginn portúgalska einmitt fyrir þig.

Markmið að nemendur:

- Læri grundvallaratriði í málfræði portúgölsku.
- Byggi upp orðaforða sem nægi til að lýsa daglegu lífi sínu og fjölskyldu sinnar.
- Læri framburðarreglur og æfi framburð.
- Skilji einfaldar setningar, skilji texta námsefnisins og vinni einföld verkefni því tengd.
- Geti tekið þátt í einföldum samræðum og svarað einföldum spurningum.
- Geti kynnt sig og sagt lítillega frá eigin högum.
- Geti skrifað einfaldan texta um sjálfa sig.
- Kynnist helstu menningarþáttum Brasilíu og Portúgals.

Kennslufyrirkomulag : Unnið verður með léttu lestexta, myndbönd, tónlist, munnlegar og skriflegar æfingar, umræður auk þess sem nemendur munu vinna að gagnaöflun um menningarhætti landanna tveggja.

Þessi grein er einungis fyrir byrjendur í tungumálinu, ekki fyrir þá sem voru í henni veturinn 2011-2012.

Námsmat verður fjölbreytt.

Kennari: Erna Jónsdóttir (fyrrum skiptinemi í Brasilíu)

Réttir frá ýmsum löndum (8.-10. bekkur)

Markmið: Að auka þekkingu og leikni í heimilisstörfum, efla sjálfstæði, samstarfsvilja og samábyrgð. Kenna undirstöðuatriði næringar- og matvælafræði. Leggja áherslu á góðar umgengnisvenjur og borðsiði. Að vekja athygli nemenda á mikilvægi hreinlætis almennt.



Áhersla er lögð á matargerð, matarsögu og matarmenningu hér á landi og hjá öðrum þjóðum. Gerðir verða réttir frá ýmsum löndum s.s. Íslandi, Ítalíu, Mexíkó, Indlandi, Austurlöndum o.fl.

Nemendur í valhópum taka að sér bakstur og/eða matargerð vegna tilfallandi skemmtana í tengslum við fjáraflanir nemenda.

Námsefni: Matreiðslubækur, mikið af fræðsluefni um matargerð og matarmenningu ýmissa þjóða tekið af netinu og úr ýmsum bókum, fræðslumyndbönd. Nýtt námsefni: Matur og menning.

Kennsluaðferðir: Einstaklingskennsla, hópkenndsla og samvinnukennsla, fer eftir verkefnum hverju sinni.

Námsmat: Símat, byggt á vinnubrögðum, ástundun, áhuga, frumkvæði og virkni nemandans í tímum. Einnig er stuðst við sjálfsmat og jafningjamat.

Kennt verður í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og því lýkur greininni í fyrri hluta mars.

Kennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Skapandi skrif (8.-10. bekkur)

Ert þú yfirfull/ur af hugmyndum sem bíða þess að komast á prent, leynist innra með þér rithöfundur, finnst þér gaman að skrifa eða langar þig að verða góð/ur í að skrifa texta?

Hvernig væri að fá tækifæri til að þjálfra hæfileika sína í ritlist og leyfa sköpunargleðinni að njóta sín í fjölbreytileika ritaðs máls. Að fá að fanga lesendur í áhugaverðum orðum sem þú hefur raðað niður á blað til þess að fá útrás fyrir ímyndunaraflið sem býr innra með þér.

Lýsing: Nemendur nýta kennslustundir og tíma utan þeirra til að skrifa. Verkefni verða bæði samkvæmt fyrirmælum kennara og að eigin vali m. a. að semja smásögur, yrkja ljóð, skrifa leikþætti, myndasögur, persónulýsingar, lesendabréf, sendibréf og blaðagreinar.

Markmið:

- Að auka eigin ritfærni.
- Að læra að koma frá sér efni í rituðu máli og að fanga lesandann.
- Að kynnst mismunandi ritstílum frá ýmsum tímabilum.
- Að nota hugtakakort á markvissan hátt við ritun.

Námsmat: Leiðsagnarmat á verkefnum, áhugi og ástundun.

Kennari: Helena Sigurðardóttir

Smíðar (8.-10. bekkur)

Markmið: Nemandi öðlist þekkingu og færni í meðferð ólíkra tækja og smíðaverkfæra. Nemandi geti nýtt sér verkunnáttu sína til þátttöku í atvinnulífi sem byggir á verklegri framkvæmd.

Kennsluefni/verkefni: Nemandi komi með hugmyndir sínar, skilgreini þær og lýsi með myndum (skyssum). Geti á meðvitaðan hátt lýst lögun, formi, stærð og hlutföllum, áferð yfirborðsmeðferð, litum og stíl. Nemandi geri kostnaðaráætlun um verkið.



Kennsluáferðir: Sýnikennsla og munnlegar útskýringar.

Námsmat: Símat kennara. Metinn er undirbúningur, verkleikni, hugmyndaflug, ástundun, áhugi, hegðun, mætingar, umgengni og frágangur. Kennarinn metur lokaafurðir nemandans.

Greinin verður kennd í þriggja kennslustunda lotum og lýkur því sem nemur fyrr á vorönn.

Kennari: Sunna Guðmundsdóttir

Stuttmyndagerð (8.-10. bekkur)

Markmiðið er að nemendur framleiði stuttmyndir sem sýndar verða í skólanum.

Nemendur læri um meðferð á og umgengni við tækjabúnað, læri að skrifa handrit, læri að undirbúa kvikmyndatöku, klippa saman upptökur, leika í myndunum, leikstýra myndunum og auglýsa stuttmyndirnar.

Námsmat: Ástundun, frumkvæði og þátttaka.
Kennari: Þorvaldur Gröndal.

Upplýsingamennt (blindskrift, hreyfimyndagerð, upplýsinga- og tæknimennt) (9.-10. bekkur)

Greinin er þrískipt. Á haustönn verða kenndar ein kennslustund í viku í blindskrift og önnur í hreyfimyndagerð. Á vorönn verða kenndar tvær kennslustundir í viku í upplýsinga- og tæknimennt. Samtals verður kjörsviðsgreinin því kennd í tvær kennslustundir á viku allan veturinn.

BLINDSKRIFT

Markmið

- Að nemendur læri rétta fingrasetningu á lyklaborð.
- Að nemendur geti ritað á tölvu án þess að horfa á lyklaborð.
- Að nemendur geti a.m.k. skrifað 25 orð á mínútu með blindskrift.

Leiðir: Nemendur þjálfar markvisst fingrasetningu og blindskrift.

Námsgögn: Þjálfunarforrit á neti og æfingar unnar í Word.

Námsmat: Vinnusemi 50%, hraðapróf 50%

Ein kennslustund á viku á haustönn.

HREYFIMYNDAGERÐ

Markmið:

- Að nemendur læri að gera stutta hreyfimynd.
- Að nemendur vinni að skapandi verkefnum.

Leiðir: Nemendur setja niður hugmynd á blað og búa til handrit út frá henni. Nemendur sjá um upptöku, klippingu, hljóð og texta.

Lögð verður áhersla á skapandi og frumlega hugsun.

Námsgögn: Forritið Paint, Moviemaker ofl.

Námsmat: Við mat verður tekið tillit til skapandi og frumlegrar hugsunar, frágangs og framfara. Verkefni 50% og vinnusemi 50%

Ein kennslustund á viku á haustönn.

UPPLÝSINGA-OG TÆKNIMENNT

Markmið:

- Að nemendur læri að nota Netið til upplýsingaöflunar og kunni að nota helstu leitarvélár sér til aðstoðar.
- Að nemendur nái færni í ritvinnslu með Word forritinu.
- Að nemendur læri umbrot í Publisher forritinu.
- Að nemendur geti búið til Power Point glærुकyningar.

- Að nemendur læri myndvinnslu í Paint.net forritinu.
- Að eftir önnina geti nemendur unnið sjálfstætt og skapandi að eigin verkefnum.

Leiðir: Farið verður yfir helstu möguleika hvers forrits. Lögð verður áhersla á skapandi og frumlega hugsun.

Námsgögn: Tölvur, stafrænmyndavél og handbækur. Æskilegt að nemendur hafi aðgang að stafrænni myndavél.

Námsmat: Við mat á verkefnum verður tekið tillit til skapandi og frumlegrar hugsunar, frágangs og framfara.

Verkefnaskil gilda 50% og vinnubrögð 50%.

Tvær kennslustundir á viku á vorönn.

Kennari: Sigríður M. Hlöðversdóttir

Þýska I (8.-10. bekkur)

Allt námsefnið kennt á einni önn, frí hina önnina.

Kennslutími er tvær klukkustundir einu sinni í viku og tvisvar sinnum seinnipart á fimmtudegi 15:00-17:30. Nemendur þurfa mögulega að losa sig úr öðru s.s. æfingum þessi tvö skipti til að geta mætt í þessa tíma.

Markmið:

- að nemendur læri grunnatriði í þýskri málfræði
- að nemendur fái grunnorðaforða
- að þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta á þýsku sér til skilnings
- að nemendur læri að tjá sig með einföldum setningum
- að vekja áhuga nemenda á landi og þjóð.

Námsefni: *Valið efnið frá kennara úr bókunum: Ping Pong les- og vinnubók; Gabi und Frank les- og vinnubók; ásamt öðru völdu efni frá kennara.*

Leitast verður við að vekja áhuga nemenda á þýskalandi og þjóðinni sem það byggir. Farið verður í grunnatriði þýskrar málfræði; nemendur læra algengar setningar, helstu sagnir, nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, ákv. og óákv. gr., læra að telja, þekkja liti, o.s.frv. Einnig fá nemendur þjálfun í framburði og að tjá sig með stuttum setningum.

Kennsluaðferðir: M.a. innlagn á töflu, hóp- og einstaklingsverkefnavinna, munnlegar og skriflegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðin, stöðvavinna.

Námsmat: Leitast verður við að hafa námsmat sem fjölbreyttast. Námsmat fer fram alla önnina m.a. með því að nemendur vinna kannanir þegar þeir telja sig hafa náð settu markmiði. Einnig verða skrifleg einstaklings- og samvinnupróf. Jafnframt hafa eftirfarandi fjórir þættir vægi í lokaeinkunn: verkefnavinna/áhugi í tíma; vinnubrögð; hegðun í kennslustund; hvernig nemandi nær tökum á námsefninu. Nemendur gera sjálfsmat í lok tíma þar sem þeir skoða fyrrgreinda þætti.

Kennari: Stella Gústafsdóttir.

Samvalsgreinar – kenndar í samvinnu grunnskóla bæjarins. Nemendur geta því þurft að sækja greinar í aðra skóla.

Boltaíþróttir (8. – 10. bekkur)

Markmið og kennsluaðferð: Áhersla er lögð á boltagreinar og ýmiskonar boltaleiki. Tilgangur með boltaíþróttum er m.a. til að efla líkamsþroska, bæta heilsufar og vekja áhuga á íþróttaiðkun til ástundunar utan skóla sér til heilsubótar og lífsfyllingar. Kennslunni er skipt niður í tímabil þar sem farið verður m.a. í fótbolta, blak, körfubolta, handbolta, hafnarbolta, bandý, sundknattleik, ýmsa boltaleiki og margt fleira. Mikil fjölbreytni verður í tímunum og með því móti er reynt að gera kennsluna áhrifameiri, líflægri og skemmtilegri.

Námsmat: Námsmat er framkvæmt í lok hvorrar annar. Það byggist á ástundun, framförum og hegðun.

Kennari er Kári Ellertsson

Kennt á þriðjudögum kl. 13:40-15:00 í Íþróttahöllinni v. Skólastíg.

Bretti- og parkour (9.-10. bekkur)

Markmið:

Að mæta auknum áhuga á hjólbretta- og parkouríþróttinni.

Að nemendur öðlist aukna færni í íþróttunum.

Að nemendu röðlist aukna félagslega færni.

Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd .

Að nemendur öðlist grunnþekkingu á greininum.

Inntak:

Tíminn er einu sinni í viku á miðvikudögum kl 13:40-15:00. Um 30 krakkar geta verið í valinu og verður hópnun skipt í tvennt þar sem annar hópurinn fer á hjólabretti í hjólabrettaaðstöðunni við Strýtu og hinn á parkouræfingu í fimleikahúsinu við Giljaskóla. Skipt er á íþrótt milli vikna. Valið er sameiginlegt fyrir alla grunnskóla Akureyrar og ræðst fjöldi úr hverjum skóla eftir stærð hans. Þegar þannig viðrar verður farið á snjóbretti við skautahöllina og er reiknað með að það verði 2-3x yfir veturinn. Að mestu leyti er kennslan verkleg en einnig verður farið í bóklega þætti eins og til dæmis sögu íþróttanna, útbúnað og fleira.

Námsmat:

Virgni og þátttaka í tíma 50%

Hegðun og viðhorf 50%

Gefin er umsögn en ekki einkunn.

Útbúnaður:

Nemendur þurfa að verða sér úti um hjólabretti, snjóþretti og viðeigandi hlífðarbúnað.

Kennarar:

Elvar Örn Egilsson kennir á hjólabretti. Elvar er formaður hjólabrettafélagsins og starfsmaður félagsmiðstöðva Akureyrar.

Stefán Þór Friðriksson kennir parkour. Stefán er fimleikaþjálfari hjá Fimleikafélagi Akureyrar og er með 1A og 1C fimleikaþjálfarapróf.

Yfirumsjón með verkefninu verða forstöðumenn félagsmiðstöðva Akureyrar og Ungmennahússins; Gunnlaugur V. Guðmundsson, Linda Björk Pálsdóttir og Kristján Bergmann Tómasson.

Fjöldi kennslustunda í viku: 2 x 40 mínútur.

Greinin er kennd á miðvikudögum kl. 13:40-15:00 í hjólabrettaaðstöðunni í Strýtu og í fimleikaaðstöðunni í íþróttahúsi Giljaskóla.

Bridge á netinu(8. – 10. bekkur)

Lýsing: Nemendur læra að spila Bridge. Í upphafi fá nemendur undirstöðuþekkingu á reglum spilsins og út á hvað spilið gengur. Tölvur verða mikið notaðar við kennslu. Nemendur verða skráðir inn á vefsíðuna BBO þar sem æfingar og kennsla fara fram að nánast öllu leyti.

Nemendur fá tækifæri til að keppa sín á milli á mótum og einnig í stuttum leikjum á einu borði.

Gögn: Nemendur fá aðgang að tölvu sem notuð er við kennslu. Nemendur þurfa að hafa með sér þunna gatamöppu.

Námsmat: Námsmat byggir á lausnum verkefna, áhuga í kennslustundum og mætingu.

Kennari er Friðgeir Guðmundsson

Kennt á miðvikudögum kl. 13:40-15:00 í Lundarskóla

Fatasaumur og endurnýting (8. - 10. bekkur)

Markmið valgreinarinnar eru að nemandi:

- geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í hekli, þrjóni, útsaumi, vélsaumi o.fl.
- sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali
- geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu
- skipuleggi eigið vinnuferli og lauslega uppdrætti að verkefni
- sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum
- læra að taka upp snið.

Námsgögn:

- Rauðakrossverkefni: *Föt sem framlag*
- Nemendur komi með föt til að breyta eða nýta á annan hátt.
- Skissubók.

- Netíð

Kennslufyrirkomulag: Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið. Ef nemendur kjósa að nota ekki það efni sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með efni/fatnað. Eitt skylduverkefni, nemandi saumar sér einfalda flík.

Námsmat: Verkefnin eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. Skissubók,símat.

Kennslufyrirkomulagvetrarins:

- 2 vikur, kynning á saumavélinni
- 8 vikur, Rauða krossverkefni sem byrjar á kynningu á verkefninu og endar með afhendingu á barnafötum
- 1 vika, bæjarferð (heimsókn í vefnaðarvörubúðir og tiskubúðir)
- 1 vika á vorönn, heimsókn í Verkmenntaskólann á Akureyri

Kennari er Jónína Vilborg Karlsdóttir.

Kennt verður í Lundaskóla á þriðjudögum frá kl. 13:40 – 15:00.

Félagsmiðstöðvarval – Félagsmiðstöðvarráð (9. – 10. bekkur)

Markmið:

- Að nemendur öðlist aukna félagslega færni.
- Að nemendur efli sinn félagslega þroska.
- Að nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmynd .
- Að nemendur kynnist unglíngalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að nemendur kynnist annarri menningu.
- Að nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

Þeir nemendur sem veljast í þessa valgrein mynda félagsmiðstöðvaráð/starfslista félagsmiðstöðvarinnar

Inntak: Framsögn, framkoma, fundarsköp, skipulagning á viðburðum, skoðanaskipti, samvinna, virðing fyrir öðrum.

Leiðir: Nemendur vinna mikið í hópum að verkefnum. Kynningar eru á hugmyndum nemenda. Nemendur læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim.

Námsmat:

- 35% sjálfsmat
- 35% jafningjamat
- 30% verkefni: Nemendur vinna saman 2-4 í hóp við að skipuleggja og halda minni viðburð í félagsmiðstöðinni. Hluti af verkefninu er að kynna verkefnið fyrir hópnum til dæmis með glærusýningu. Hver nemandi fær umsögn bæði fyrir haust- og vorönn.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna: Söngkeppni, Furðuverk (hönnunarkeppni), brettahelgi, íþróttadagur, spurningakeppni og skálaferð.

Viðburðir innan félagsmiðstöðvar: Kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, gistikvöld og spilakvöld.

Hjá nemendum Brekkuskóla fer kennslan fram í Rósenborg er í umsjá Gunnlaugs Guðmundssonar á mánudögum kl. 15:30-16:50

Kenndar eru tvær stundir á viku auk þeirra viðburða sem nemendur skipuleggja.

Franska (8.-10. bekkur)

Námsefni: Café Creme. Methode de Français.

Kennslabyggir m.a. á:

- framburðaræfingum
- þjálfun orðaforða
- málfræði
- samtalsæfingum
- notkun lagatexta
- stuttmyndagerð

Unnið er einstaklingslega, í pörum og hópum.

Til að velja áfangann þurfa nemendur að hafa að lágmarki einkunnina 8.0 í íslensku, ensku og dönsku að vori.

Kennari er Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir

Kennt á miðvikudögum kl. 13:40-15:00 í Lundarskóla

Frjálsar íþróttir (8. – 10. bekkur)

Kenndar verða ýmsar greinar frjálsra íþróttar.

- Hlaup; spretthlaup, grindahlaup, langhlaup og boðhlaup.
- Stökk; langstökk, hástökk, þristökk og stangarstökk.
- Kastgreinar; kúluvarp, kringlukast og spjót kast.

Tilgangurinn er að vekja áhuga á fjölbreytni frjálsra íþróttar, sem og að nýta góða aðstöðu í Boganum og á nýjum frjálsíþróttavelli á Þórsvæðinu.

Námsmat: Áhugi, ástundun, frumkvæði og virkni í tímum

Kennari: Unnar Vilhjálmsson íþróttakennari.

Kennt verður í Boganum á þriðjudögum kl: 13.40-15.00.

Grafísk hönnun, grunnnámskeið (9.-10. bekkur)

Námslýsing:

Grafísk hönnun er hönnunaráfangi þar sem nemendum er kennt á teikniforritið Adobellustrator. Markmið námskeiðsins er að hanna sinn eigin geisladisk með sinni uppáhalds hljómsveit og plakat. Ef tími gefst til er hægt að hanna VIP baksviðspassa og jafnvel prenta á boli.

Kennari: Guðrún Huld Gunnarsdóttir, grafískur hönnuður

Kennt á þriðjudögum kl. 14:30 í Naustaskóla

Grafísk hönnun, framhaldsnámskeið (9.-10. bekkur)

Námslýsing:

Í þessu framhaldsnámskeiði verður farið í að skoða fleiri möguleika sem forritið Adobellustrator hefur upp á að bjóða. Markmið námskeiðsins er að hanna flottar auglýsingar, nafnspjöld og fleira skemmtilegt.

Í samstarfi við Ásprent þá hannar hver fyrir sig auglýsingaplakat um afþreyingu unglunga á Akureyri. Hvað ykkur finnst skemmtilegast að gera á Akureyri? Sýning verður haldin á afrakstri vinnunnar á Glerártorgi .

Ath. Öll kennsla fer fram í tölvu en látið það ekki stoppa ykkur☺

Kennari: Guðrún Huld Gunnarsdóttir, grafískur hönnuður

Kennt á miðvikudögum kl. 14:30 í Naustaskóla

Handboltaskóli (8. – 10. bekkur)

Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta. Fyrst og fremst ætlað fyrir þá sem hafa undirstöðu í greininni.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennari er Heimir Árnason

Kennt verður á miðvikudögum kl. 13:30-14:50 í KA-húsinu.

Handverk – Smíði (8. – 10. bekkur)

Helstu markmið: að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum og efnum.

Boðið verður upp á ýmiss konar handverk og unnið í margs konar efni til að kynna nemendum fjölbreytni innan handverksgreina.

Námsmat: Símat með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð.

Helstu námsþættir eru:

- læra að nýta grisjunarefni í húsgagnagerð og aðrar hagnýtar nytjar.
- kynnist eiginleikum einstakra viðartegunda og nýtingu þeirra.
- læra að setja saman kolla og bekki úr greinaefni og bolviði/ skógarfjöllum,
- kynnast fersku og þurru efni og samsetningu þess,
- að afberkja, ydda, setja sama og fullvinna húsgögnin, yfirborðsmeðferð og fúavörn.
- Læra á þrívíddar teikniforitiðsketchup 8 og gera þar teikningar sem smíðað verður eftir.

Kennt verður í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:40.

Heimspeki (9.-10. Bekkur)

Heimspekítímar í Síðuskóla byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Aðallega verður notast við bækurnar *Lisa* og *Veröld Soffíu* til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Þegar líður á haustið fara þátttakendur einnig að leggja til umræðuefni og skiptast á um að kynna þau. Í einhver skipti verður unnið út frá myndböndum um siðfræðileg vandamál sem fólk stendur frammi fyrir. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða.

Heimavinna er ekki fyrir hvern tíma en nemendur þurfa stundum að lesa heima og skila 3 til 4 verkefnum yfir veturinn.

Einkunn byggir á frammistöðu í tímum og heimaverkefnum.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að fólk hlusti hvert á annað og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir

Kennt verður í Síðuskóla á miðvikudögum kl. 13.40

Heilsurækt á Bjargi (9.-10. bekkur)

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn íþróttakennara Síðuskóla og einnig koma kennarar Bjargs að kennslunni með sérhæfða tíma til kynningar.

Markmið námskeiðsins er því að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnig að þjálfa þol og þrek þátttakenda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimísal og tækjasal. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

Kennari: Elvar Smári Sævarsson

Kennsla fer fram á Bjargi við Bugðusíðu á miðvikudögum kl. 13:40-15:00

Hreysti (8. – 10. bekkur)

Markmiðið með greininni er að bæta líkamlega hreysti nemenda með þol-, þrek- og liðleikaæfingum. Notuð er stöðvaþjálfun, skólahreysti (svipaðar æfingar), teygjuhringir o.fl. Einnig er gert ráð fyrir tímum á líkamsræktarstöðvum s.s. spinning, hlaupum, styrktaræfingum og fl.

Námsmat byggist á mætingum.

Kennt verður í Íþróttahöllinni og Þrekhöllinni á miðvikudögum kl. 13:30-14:50.

Kennari er Birgitta Guðjónsdóttir

Ísland, ferðalög og fróðleikur (8. – 10. bekkur)

Markmið að hjálpa nemendum að læra að þekkja Ísland betur.

Fræðst verður um helstu ferðamannastaði landsins. Hvað er það sem ferðamenn, bæði innlendir og erlendir sækjast eftir að sjá á Íslandi?

Eftirfarandi atriði verða lögð til grundvallar:

- Mótun landsins - hvaða öfl byggðu það upp og eru enn að verki.
- Veðurfar - hvernig veður hefur áhrif á líf fólks í landinu.
- Gróðurfar - hvaða plöntur eru einkennandi fyrir Ísland.
- Dýralíf - hvaða villt dýr lifa á landinu og hvers vegna.
- Mannlíf - skoðuð verður lauslega saga lands og þjóðar.
- Heimsóknir til ferðaþjónustuaðila á Akureyri.

Námsefni: Valdir kaflar og rit sem tengjast hverjum námsþætti og upplýsingar af vef.

Námsmat: Í formi hópvinnu, paravinnu og einstaklingsvinnu. Nemendur þurfa að kynna hver fyrir öðrum valda staði á landinu, þar sem þeir tengja saman alla þá þætti sem einkenna hvern stað.

Kennari er Helga Sigurðardóttir

Kennt á þriðjudögum kl. 13.40-15:00 í Brekkuskóla

Knattspyrnuskóli KA (9.- 10. bekkur)

Knattspyrnuskóli KA er ætlaður bæði drengjum og stúlkum það er ekki skilyrði af hálfu KA að nemendur séu að æfa með KA. Auk æfinganna eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um

mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og verður staðsetning þeirra auglýst síðar. Fyrirlesarar eru ýmsir.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennsla fer fram í Boganum á mánudögum 13:40-15:00.

Knattspyrnskóli Þórs (9.- 10. bekkur)

Knattspyrnskóli Þórs er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem æfa knattspyrnu í 3. flokkum Þórs - drengja og stúlkna. Það er skilyrt af hálfu Þórs að nemendur sæki allar æfingar, á skólatíma og utan. Auk hefðbundinna æfinga eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um mataræði/næringarfræði, fíkniefni/tóbak/áfengi, leikfræði o.fl. og eru þeir haldnir í Hamri um helgar. Fyrirlesarar eru ýmsir. Nemendur borga æfingagjöld eins og aðrir í Þór en fá frían æfingagalla. Nemendur geta fengið 4 vikustundir metnar fyrir þátttöku í Knattspyrnskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreininna og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennsla fer fram í Boganum á miðvikudögum 13:30-14:50 og aðrar æfingar eru á hefðbundnum æfingátímum. Ekki er útilokað að æfing verði fyrir skólatíma að morgni.

Kvikmyndasaga (8.-10. bekk)

Markmið valgreinarinnar er að gefa nemendum innsýn í sögu kvikmyndalistarinnar frá því hún varð til fyrir rúmum hundrað árum. Reynt verður að gefa nemendum sem víðtækasta mynd af kvikmyndasögunni og hvernig þróunin hefur verið frá þöglum myndum fortíðar til hinnar fjölbreyttu og oft yfirgengilegu flóru bíómynda samtímans.

Áherslan verður að talsverðu leyti á kvikmyndagerð í Bandaríkjunum, fyrst og fremst vegna þess hve fyrirferðarmikil hún er í kvikmyndamenningu Íslendinga. Þó verða einnig tíndar til kvikmyndir og fróðleikur frá öðrum heimshornum auk þess sem stiklað verður á stóru í íslenskri kvikmyndasögu. Nemendur þurfa að lesa texta heima í tengslum við áhorf mynda sem fer fram í kennslustundum. Reiknað er með að nemendur fari a.m.k. tvisvar í bíó yfir veturinn sem væri þá utan hefðbundins skólatíma.

Námsmat byggir á verkefnum, könnunum og virkni í tímum.

Kennari er Kristján Hrafn Guðmundsson

Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl. 13:40-15:00.

Leður, leir, mósaik (8. – 10. bekkur)

Leðurvinna (10 vikur)

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumúð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreitt með perlum, hrosshári og fl.

Leirmótun(10 vikur)

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturgerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

Mósaik (10 vikur)

Unnið verður með 3 mm litað gler, spegla og e.t.v eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) ofl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

Kennari: Rögnvaldur Jóhannesson

Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum kl. 13:40 – 15:00

Kennt verður á miðvikudögum kl: 13:50- 15:50 og fer kennslan fram á ýmsum stöðum.

Líkamsrækt Átak (9. – 10. bekkur)

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

Markmið námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnig að þjálfa þol og þrek þátttakenda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í þolfimisal t.d. Bodypump, spinning og palla. Nemendum verður kennt á tækin í tækjasalnum og þeir fá æfingaáætlanir og læra að setja sér markmið.

Námsmat: Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

Kennarier Björk Pálmadóttir

Kennsla fer fram í Átaki heilsurækt Strandgötu á þriðjudögum kl.13:50 – 14:50

Ljósmyndun (8. – 10. bekkur)

Námstilhögun:

- Fjallað um myndavélina og uppruna hennar, hvernig hún virkar og kennt á „takkana“ og hvað þeir gera og geta gert fyrir þann sem er að taka myndir.
- Farið verður yfir mynduppbyggingu, hvaða reglur eru og hvers vegna og hvernig við höfum okkur þegar við tökum myndir.
- Farið verður í myndvinnslu, kosti hennar og galla og undirstöðuatriði kennd. Einnig það hvernig við geymum og flokkum myndir og hvers vegna hendum við aldrei þeim myndum sem við erum búin að taka.
- Lögð verða fyrir verkefni, farið í vettvangsferðir og unnið í myndveri.
- Við tökum myndir og við tölum um myndir.

Að námskeiði loknu þá eiga nemendur að hafa góðan skilning á myndavélinni og hvernig hún virkar. Nemendur koma til með að öðlast betra auga fyrir myndefni og skilja hvað felst í „myndlestri“ og mikilvægi hans. Nemendur þurfa að koma með sína eigin myndavél og er stærð eða gæði ekki aðalatriði. Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að tölvu með myndvinnsluforritinu *Photoshop*, en það er ekki skilyrði.

Kennari er Finnbogi Marinósson

Kennt verður á miðvikudögum kl: 13:50- 15:50 og fer kennslan fram á ýmsum stöðum.

Prjón og hekl (8.–10. bekkur)

Markmið: Að æfa færni í að prjóna eftir einföldum uppskriftum, prjóna með tveimur eða fleiri litum í einu, prjóna með 5 prjónum og hanna eigið munstur. Einnig að æfa færni í að hekla eftir einföldum uppskriftum. Mikilvægt er að tileinka sér ýmis tákni sem gilda í uppskriftum bæði í prjóni og hekli.

Námshöggn: Prjónablöð t.d. Lopi, Ýr og fleira (sokkprjónar, hringprjónar) og garn, léttlopi, hespulopi, o.fl.

Kennslufyrirkomulag: Farið yfir helstu tákni í munstrum, úrtöku og útaukningu í prjóni og hekli. Nemendur geri 10 prufur og setja í möppu ásamt munstri. Skyldustykkinn verða til dæmis: prjónaðir vettlingar, prjónaðir sokkar, heklað sjal, hyrna eða heklud taska. Þegar nemendur hafa lokið skyldustykkjum er frjáls vinna. Nemendur fá garn í prufur og skyldustykkinn.

Námsmat: Ástundun, símat út frá handverki nemenda, virkni í tímum og mappa með prufum og teikningum.

Kennari: Jónína Vilborg Karlsdóttir

Kennt verður í Lundarskóla á miðvikudögum kl. 13.50-15:50.

Ritlist (8. – 10. bekkur)

Markmið: Að hjálpa þeim sem hafa áhuga á skapandi skrifum af stað í því að koma hugsunum sínum á blað í formi ljóða eða smásagna.

Námsgögn: Stílabók (eða stílabækur fyrir þá afkastamestu).

Kennslufyrirkomulag: Lesin verða jafnt óhefðbundin sem hefðbundin ljóð eftir ýmsa höfunda og nemendum einnig falið að finna ljóð sem höfða til þeirra. Lögð verður áhersla á að nemendur ræði og kryfji ljóð eða annan skáldskap í tímum út frá sínum eigin forsendum og í framhaldi af því fara nemendur að koma í tíma með eigin skáldskap. Áhersla verður á upplestur nemenda á eigin skáldskap í hópi og hópurinn virkjaður til jákvæðrar og uppbyggjandi gagnrýni. Í lok námskeiðsins velja nemendur og kennari besta skáldskapinn og taka saman í hefti sem allir fá til eignar.

Námsmat: Ástundun, vandvirkni og framfarir metnar auk afraksturs vetrarnis.

Kennari er Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Kennt verður í Lundarskóla á miðvikudögum kl. 13:40 – 15:00

Skák (8. – 10. bekkur)

Farið verður í helstu atriði í tengslum við skákiðkun s.s. hvernig á að máta, byrjanir, endatafl, leikfléttur o.fl. Kennt verður hvernig nota á skákklukkur og hvernig skrifa á skákir. Nemendur fá að tefla auk þess sem kennari fer í ýmis atriði á sýningarborði. Kennari leggur þrautir og verkefni fyrir nemendur.

Kennari er Sigurður Arnarson

Kennt verður í Síðuskóla á mánudögum kl. 14:00-15:20

Stærðfræði – stuðningur (8. – 10. bekkur)

Valgreinin er ætluð þeim sem finnst þeir standa höllum fæti í stærðfræði og þurfa verulega upprifjun og kennslu í grundvallaratriðum. Farið verður í þætti eins og námundun, ummál, flatarmál, almenn brot, tugabrot, stæður, tímaútreikninga, prósentur, mælieiningar o.fl.

Eitt atriði verður tekið fyrir í hverjum tíma, því er svo fylgt eftir með léttu heimaverkefni í kennsluumhverfi Moodle sem er á internetinu. Kennslan fer fram í Oddeyrarskóla og verður 60 mínútur einu sinni í viku. Reiknað er með 20 mín. í heimavinnu vikulega við að leysa verkefni í Moodle.

Námsmat verður byggt á vinnu í tímum og skilum á upprifjunum í Moodle.

Kennari: María Aðalsteinsdóttir

Kennt verður í Oddeyrarskóla á þriðjudögum kl. 13.40-14.40

Tauprykk og fatalitun(8. – 10. bekkur)

Kennd verður meðferð nýrra tauprykkslita sem hafa fjölbreytta eiginleika og hægt að nota í hvaða vefjarefni sem er. Mismunandi aðferðir við þrykk verða kynntar s.s stimplar, stenslar, rammaþrykk og fl. Nemendum verður kennt að útfæra hugmyndir sínar í vefjarefni, flíkur eða nytjahluti. Nemendur þróa og hanna stykki að eigin vali og geta blandað aðferðum með þrykkinu eins og útsaum og bútsaum. Virkni og vinnubrögð í tímum metin.

Kennari er Astrid Hafsteinsdóttir

Kennt í Giljaskóla á þriðjudögum kl. 13:40

Tónlist og myndbönd í tölvum

Þessi valgrein er tvennt í senn. Annars vegar grunnáfangi í notkun svokallaðara tónbútaforrita sem notuð eru til þess að búa til tónlist, forma tónsmíðar og leika sér með tónlist í tölvu. Forritið sem hér verður notað heitir *Garage band* og tölvurnar iMac frá Apple. Hins vegar fá nemendur tækifæri til að þjálfast í gerð myndbanda. Þeir læra að gera handrit að myndbandi og um mikilvægi þess að nota handrit. Þeir fá svo tækifæri til að taka upp og klippa tónlistarmyndbönd í forritinu iMovie.

Sum verkefnum eru hugsuð sem stuttar æfingar, en í öðrum verkefnum fá nemendur frjálsum hendur og fylgja eigin hugmynd. Handrit verður þó alltaf að fylgja.

Markmið með valáfanganum er að nemendur:

- Njóti aðstæðnanna til sköpunar í samvinnu við aðra nemendur.
- Kynnist þeirri aðferð að búa til tónverk í tölvu.
- Geri vinnuáætlun/handrit að hljóðvinnsluferli eins lags í einu og eins myndbands í einu. Geri sér jafnframt grein fyrir mikilvægi nákvæms undirbúnings fyrir vinnu af þessu tagi.
- Fáir reynslu af að flytja talað mál og/eða söng þannig að textinn skili sér vel í upptöku.
- Fáir tækifæri til nota leikræna tjáningu við úrvinnslu verkefna sinna.
- Læri að nota og umgangast tæki og tól sem notuð eru við hljóðvinnslu og myndbandsgerð.
- Fáir tækifæri til að læra sjálfir á flókið tölvuforrit með því að nota það.
- Læri af mistökum, meti eigin frammistöðu stöðugt, fái tækifæri til lagfæringa, læri hver af öðrum, skiptist á hugmyndum og skoðunum og geri ávallt eins vel og þeir geta.
- Geti flutt stafræna hljóð- og myndskrá á milli forrita og á geymsludisk (flakkara) eða CD eða DVD disk og jafnvel á Netið.

Námsefni:

- Verkefni frá kennara. Unnin með hjálp tölvuforritanna *Garage band* og *iMovie*.
- Tónlist og tölvur (Námsefni í tónmennt fyrir 7.-10. bekk eftir Flosa Einarsson).

Námsmat:

- Ástundun, umgengni, framkoma 20%.
- 2 af verkefnum valin af nemandanum sjálfum 80%.

Kennari er Karl Hallgrímsson

Kennt verður í Naustaskóla á miðvikudögum kl. 13:40

Útivist og hreyfing (8. – 10. bekkur)

Fjallgöngur, hjólreiðar og skyndihjálpar

Markmið með valáfangnum:

- Að nemendur læri grunnatriði útivistar s.s. mikilvægi þess að klæða sig rétt, neytahollrar fæðu og undirbúa sig vel eins og að fylgjast með veðri og færð.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar gönguleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri að þekkja nokkrar hjólaleiðir í nágrenni bæjarins.
- Að nemendur læri grunnatriði skyndihjálpar.

Aðaláherslan verður á útivistina að hausti. Farið verður í þrjár gönguferðir í nágrenni bæjarins. Gengið verður upp í Fálkafell – Gamli – Kjarnaskógur, Vaðlaheiði og Hlíðarfjall. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi sér sjálfir á upphafspunkt þar sem gönguferðir hefjast og séu sóttir að lokinni gönguferð. Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að góðum skjólfatnaði og séu vel búnir til fótanna. Farið verður í gönguferðirnar á virkum dögum. Gönguferðirnar munu taka frá 4-6 klst.

Farið verður eina ferð í fjallið á skíði/bretti og eina ferð á skautasvellið.

Námsmat: Ekki er próf úr útivistarhlutanum en nemendur þurfa að mæta í allar gönguferðirnar.

Í skyndihjálparhlutanum verður m.a. farið í rétt viðbrögð við aðkomu að slysum, endurlífgun, blóðmissi, beinbrotum, höfuðáverkum og bráðasjúkdómum.

Farið verður í vettvangsferð á slökkvistöðina.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, verkleg kennsla og leikir tengdir skyndihjálpinni.

Teknar verða þrjár kannanir yfir tímabilið og verkleg könnun í endurlífgun.

Fræðsla verður um Björgunarsveitina Súlur og húsnæði hennar verður skoðað.

Þar sem ekki er unnt að koma ýmsum þáttum valgreinarinnar fyrir innan tveggja kennslustunda á viku, verður hún kennd í lotum inn á milli eins og gönguferðir, vettvangsferðir og viðamiklir þættir innan skyndihjálparinnar eins og endurlífgun. Mun því valgreininni ljúka töluvert fyrir vorið.

Kennari er Anna Sigrún Rafnsdóttir

Valgreinin hefur aðsetur í Síðuskóla. Kennt verður á miðvikudögum kl. 13.40-15.00 en stundum í lengri lotum þannig að henni lýkur fyrr að vori.

Þjóðleikur á Norðurlandi (8. -10. bekkur)

Þjóðleikur er samvinnuverkefni fjölmargra áhugasamra aðila og Þjóðleikhússins um eflingu leiklistar og skapandi starf fyrir ungt fólk.

Settir eru saman leikhópar víðs vegar um Norðurland sem setja á svið leikverk. Samkeppni er meðal ungra viðurkenndra leikskálda um leikverkin og eiga þau að vera um 45 mínútur að lengd. Leikverkin verða síðan sýnd í heimabyggð þar sem blásið verður til leiklistarhátíðar. Þangað er öllum leikhópum á Norðurlandi, sem taka þátt í verkefninu, boðið að koma og sína sitt leikrit.

Markmið þjóðleiks eru m.a.:

- Að efla leiklist við Eyjafjörð.
- Að vekja áhuga ungs fólks á leiklist og efla læsi þeirra á listformið.
- Að tengja Þjóðleikhúsið á lifandi hátt við landsbyggðina.
- Að miðla af fagþekkingu leikhússins til leikhúsáhugafólks í landinu.
- Að styrkja íslenska leikritun.

Kennslan verður í höndum kennara sem hafa leiklist að áhugamáli.

Kennt verður í Rósenborg á mánudögum kl. 14.30 -15.50. Vikurnar fyrir sýningu herðir á æfingum og má búast við álagi á þeim tíma. En aftur á móti þá verða engar æfingar frá sýningarlokum og fram á vor.

Þýska (8. - 10. bekkur)

Markmið:

- Að nemendur læri grunnatriði í þýskri málfræði,
- að nemendur fái grunnorðaförða,
- að þjálfar nemendur í að lesa einfaldan texta á þýsku sér til skilnings,
- að nemendur læri að tjá sig með einföldum setningum,
- að vekja áhuga nemenda á landi og þjóð.

Námsefni: *Valið efni frá kennara úr bókunum: Ping Pong les- og vinnubók; Gabi und Frank les- og vinnubók; ásamt öðru völdu efni frá kennara.*

Leitast verður við að vekja áhuga nemenda á Þýskalandi og þjóðinni sem það byggir. Farið verður í grunnatriði þýskrar málfræði, nemendur læra algengar setningar, helstu sagnir, nafnorð, lýsingarorð, persónufornöfn, ákv. og óákv. gr., læra að telja, þekkja liti, o.s.frv. Einnig fá nemendur þjálfun í framburði og að tjá sig með stuttum setningum.

Kennsluáferðir: M.a. innlögn á töflu, hóp- og einstaklingsverkefnavinna, munnlegar og skriflegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðin, stöðvavinna.

Námsmat: Leitast verður við að hafa námsmat sem fjölbreyttast. Námsmat fer fram alla önnina m.a. með því að nemendur vinna kannanir þegar þeir telja sig hafa náð settu markmiði. Einnig verða skrifleg einstaklings- og samvinnuþróf. Jafnframt hafa eftirfarandi fjórir þættir vægi í lokaeinkunn: Verkefnavinna/áhugi í tíma, vinnubrögð, hegðun í kennslustund, hvernig nemandi nær tókum á námsefninu. Nemendur gera sjálfsmat í lok tíma þar sem þeir skoða fyrrgreinda þætti.

Kennari: Stella Gústafsdóttir

Kennt í Brekkuskóla á þriðjudögum kl. 13:40-15:00